

D ó m s o r ð:

Ákærði, Bergsveinn Þórarinnsson, sæti varðhaldi í 45 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og niður skal hún falla að 3 árum liðnum frá birtingu dómsins að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun Sveins Snorrasonar hrl., kr. 45.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 16. júní 1988.

Nr. 36/1988. **Jörundur Bjarnason**

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

gegn

Rækjuveri hf.

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Vinnusamningur. Sjómannalög. Uppsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 1. febrúar sl. Hann gerir þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða 95.574,44 krónur með árlegum dráttarvöxtum svo sem hér greinir: 30% frá 1. maí 1987 til 1. júní s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 36% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 40,8% frá þeim degi til 1. september s.á., 42% frá þeim degi til 1. október s.á., 43,2% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 45,6% frá þeim degi til 1. desember s.á., 49,2% frá þeim degi til 1. janúar 1988, 51,6% frá þeim degi til 1. mars s.á., 45,6% frá þeim degi til 1. maí s.á.,

44,4% frá þeim degi til 14. júní s.á. og loks með árlegum dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu er ekki tölulegur ágreiningur, en aðilar deila um túlkun 2. og 3. mgr. 22. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi fallið frá þeirri málsástæðu, að 2. mgr. 22. gr. sjómannalaga eigi ekki við um skipstjóra.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi var áfrýjanda sagt upp starfi sínu sem skipstjóra á Sæunni BA-13 með uppsagnarbréfi 5. janúar 1987. Í bréfinu var tekið fram, að honum væri sagt upp starfi með þriggja mánaða fyrirvara, og var ástæða uppsagnarinnar fyrirhuguð sala skipsins. Fékk áfrýjandi síðan greidd laun til 28. febrúar 1987, er greiðslur voru stöðvaðar. Heldur stefndi því fram, að samkvæmt 3. mgr., sbr. 2. mgr. 22. gr. sjómannalaga eigi áfrýjandi aðeins að fá greidd laun í 6 vikur, þegar skip er selt öðrum innlendum útgerðarmanni. Hér sé um sérreglu að ræða, sem gangi frammar 44. gr. sjómannalaga, sem kveður á um þriggja mánaða uppsagnarfrest skipstjóra.

Með uppsagnarbréfi sínu 5. janúar 1987, sem kvað á um þriggja mánaða uppsagnarfrest, skuldbatt stefndi sig til að greiða áfrýjanda laun í þrjá mánuði. Þótt skoðuð séu ákvæði sjómannalaga, verður ekki talið, að útgerðarmaður geti með stoð í 2. og 3. mgr. 22. gr. þeirra vikið skipverja úr starfi með sex vikna uppsagnarfresti. Framangreindum ákvæðum er skipað í þann kafla laganna (II. kafla 3), sem ber heitið „Um rétt skipverja til að krefjast lausnar úr skiprúmi“, og verður að telja, að nýmæli þessi feli í sér kjarabætur sjómönnum til handa. Samkvæmt 2. mgr. 22. gr. sjómannalaga er skipverja heimilt að krefjast lausnar úr skiprúmi, ef skip er selt öðrum innlendum útgerðarmanni, og á hann þá rétt á kaupí í sex vikur, nema uppsagnarfrestur sé skemmri tími, sbr. 3. mgr. Í 2. mgr. segir jafnframt, að skipverji verði að segja skiprúmi sínu lausu þegar eftir að hann fær vitneskju um söluna. Í máli því, sem hér um ræðir, sagði áfrýjandi ekki upp starfi sínu heldur var honum sagt upp af hálfu útgerðarinnar. Hinn sérstaki uppsagnarfrestur 3.

mgr. 22. gr. sjómannalaga á því ekki við hér, og á áfrýjandi rétt á launum í fulla þrjá mánuði frá uppsögn. Ber því að taka kröfur áfrýjanda til greina að fullu.

Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem telst hæfilegur 80.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Rækjuver hf., greiði áfrýjanda, Jörundi Bjarnasyni, 95.574,44 krónur með árlegum dráttarvöxtum svo sem hér segir: 30% frá 1. maí 1987 til 1. júní s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 36% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 40,8% frá þeim degi til 1. september s.á., 42% frá þeim degi til 1. október s.á., 43,2% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 45,6% frá þeim degi til 1. desember s.á., 49,2% frá þeim degi til 1. janúar 1988, 51,6% frá þeim degi til 1. mars s.á., 45,6% frá þeim degi til 1. maí s.á., 44,4% frá þeim degi til 14. júní s.á. og með árlegum dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 80.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. desember 1987.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 30. nóvember sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu birtri 25. maí 1987 af Jörundi Bjarnasyni skipstjóra, nnr. 5432-9652, Arnarbakka 1, Bíldudal, gegn Rækjuveri hf., Bíldudal, nnr. 7444-6582.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að stefndi verði dæmdur til að greiða skuld að fjárhæð kr. 95.574,44 ásamt 30% dráttarvöxtum á ári frá 1. maí 1987 til 1. júní 1987, 33,6% frá þeim degi til 1. júlí 1987, 36% frá þeim degi til 1. ágúst 1987, 40,8% frá þeim degi til 1. september 1987, 42% frá þeim degi til 1. október 1987, 43,2% frá þeim degi til 1. nóvember 1987, 45,6% frá þeim degi til 1. desember 1987 og með dráttarvöxtum á ári samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ auk 30% söluskatts samkvæmt lögum þar um.

Dómkröfur stefnda eru að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að hann hafi verið skipstjóri á Sæunni BA-13, eign stefnda, þar til þann 5. janúar 1987, er honum hafi verið sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara, eins og fram komi í uppsagnarbréfi dags. þann dag. Ástæða uppsagnarinnar hafi verið sögð sú að fyrirhugað væri að selja Sæunni BA-13. Stefnandi hafi síðan fengið greidd laun í uppsagnarfresti til 28. febrúar 1987, en þá hafi greiðslur verið stöðvaðar. Hann hafi þegar gert kröfu um að fá laun sín í uppsagnarfresti greidd áfram, allt til loka hans þann 5. apríl 1987, en því hafi verið hafnað af hálfu stefnda. Í ljós hafi komið að afstaða Landssambands íslenskra útvegs- manna fyrir hönd stefnda væri að uppsagnarfrestur stefnanda sé aðeins 6 vikur þar sem skipið hafi verið selt, og hafi um þetta verið vísað til 2. mgr. 22. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Þar sem stefnandi hafi alls ekki verið sáttur við túlkun LÍÚ fyrir hönd stefnda á þessu ákvæði sjómanna- laga hafi hann höfðað mál þetta til heimtu eftirstöðva launa í uppsagnar- fresti. Krafan sundurliðist í aflahlut í mars 1987 kr. 83.901,00, kauptrygg- ingu 1. apríl til 5. apríl kr. 10.384,67, fast kaup sama tíma kr. 211,17 og orlof sama tíma kr. 1.077,60 eða samtals kr. 95.574,44 og sé í málinu ekki deilt um fjárhæðir heldur lögskýringu.

Stefnandi kveður ágreiningsefni aðila snúast um það hvort 22. gr. sjó- mannalaga nr. 35/1985 eigi við í máli þessu eða ekki. Stefnandi byggir sína kröfu á 2. mgr. 9. gr. laganna, sem kveði á um að uppsagnarfrestur yfir- manna sé 3 mánuðir. Hann geri því kröfu um laun í 3 mánuði, enda hafi hann ekki haft kaup hjá öðrum á hinu umdeilda tímabili. Stefnandi haldi því fram að kafla 11.3 í lögnum eigi ekki við um skipstjóra, og þar með ekki 22. gr., sem standi í þessum kafla. Sérstakur kafla laganna, nr. 11.8, fjalli um skipstjóra og ráðningarsamninga þeirra, og önnur ákvæði laganna komi þar til fyllingar og skýringar. Sé hins vegar litið til 1.-3. mgr. 45. gr. laganna komi í ljós, að þar fari tæmandi ákvæði um brottvikningu skip- stjóra. Því verði að líta svo á að 22. gr. geti aðeins átt við um aðra skip- verja.

Verði ekki á þetta fallist bendi stefnandi á að ekkert sé í ljós leitt af stefnda hálfu að 2. mgr. 22. gr. laganna eigi við í þessu máli, og því sé alfarið mótmælt af stefnanda. Ákvæðið, sbr. 3. mgr. 22. gr., geti sam- kvæmt orðalagi sínu aðeins átt við ef skipverji segir sjálfur upp störfum

af þar til greindum ástæðum. Í greinargerð með lagafrumvarpinu segi að í kafla þessum sé gert ráð fyrir nokkrum breytingum og nýmælum „sem fela í sér kjarabætur handa sjómönnum“. Í 2. mgr. laganna sé því verið að stytta vinnuskyldu niður í 6 vikur, og í 3. mgr. sé sett sérregla ef sjómenn nýta sér þennan rétt skv. 2. mgr. Þetta hljóti að vera nýmælin, sem nefnd séu í greinargerðinni, og þess vegna sé öllum hugleiðingum stefnda um að þetta nýmæli mæli einnig fyrir um rétt til handa útgerðarmanni mótmælt sem röngum og órökstuddum.

II.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að í 22. gr. laganna nr. 35/1987 komi fram nýmæli, sem mæli fyrir um að þegar skip sé selt þá gildi hálfur uppsagnarfrestur yfirmanna, sex vikur. Þetta eigi sér nokkra sögu.

Í 40. gr. sjómannalaga nr. 41/1930 hafi verið í 1. mgr. sambærilegt ákvæði við 1. mgr. 22. gr. núgildandi laga. Í 2. mgr. 40. gr. laga nr. 41/1930 hafi hins vegar verið ákvæði um að skipverja væri ekki heimilt að krefjast lausnar úr skiprúmi, þó skipstjóráskipti verði á skipinu eða skipti á útgerðarmanni. Með sjómannalögum nr. 67/1963 hafi þessu ákvæði verið breytt á þann veg, að síðasti málslíðurinn, „eða skipti verði á útgerðarmanni“, var felldur burtu. Með þessari breytingu hafi löggjafinn ætlast til þess að um rétt skipverja til að krefjast lausnar úr skiprúmi, þegar skipt er um útgerðarmann, fari eftir almennum réttarreglum um aðilaskipti að starfssamningum. Ákvæðið hafi verið túlkað þannig í dómum, að talið var jafngilda fyrirvaralausri brottvikningu skipverja, ef skip sem hann starfaði á var selt öðrum útgerðarmanni, og skipverjanum hafi verið dæmdur fullur kaupréttur. Annars staðar á Norðurlöndum hafi hins vegar enginn kaupréttur gilt í slíkum tilvikum.

Við endurskoðun laganna frá 1963 hafi fulltrúi útgerðarmanna í Siglinga-nefnd lagt fram tillögu til breytingar þess efnis, að seldi útgerðarmaður skip sitt þá þyrfti hann ekki að greiða yfirmanni skips nema hálfan uppsagnarfrestinn, þ.e. laun í einn og hálfan mánuð. Rökin hafi verið þau, að samkvæmt ákvæði í dönsku sjómannalögunum ætti skipverji engan rétt á kaupi þegar skip er selt. Honum væri eingöngu heimilt að neita áframhaldandi starfi á skipinu hjá hinum nýja útgerðarmanni án kaupréttar. Á hinn bóginn fengi yfirmaður greiddan hér á landi fullan uppsagnarfrestinn, jafnvel þótt hann gengi beint inn í annað starf og gæti hugsanlega verið á tvöföldum launum næstu þrjá mánuði. Á þessa tillögu hafi verið fallist, og komi niðurstaða nefndarinnar fram í 2. og 3. mgr. 22. gr. nýju laganna. Þessi ákvæði beri með sér skýrum orðum, að þegar skip sé selt sé útgerðarmanni aðeins skylt að greiða hálfan venjulegan uppsagnarfrest. Í greinargerð með 3. mgr. 22. gr. segi:

„Ákvæði þetta er nýmæli, sem felur í sér sérstaka reglu um greiðslu launa á uppsagnartíma, þó ekki lengur en 6 vikur. Reglan byggir á gagnkvæmum sanngirnissjónarmiðum.“

Orð þessi taki af öll tvímæli um að farin hafi verið millileið miðað við danska ákvæðið og það íslenska þegar skip er selt og því skylt að greiða hálfan uppsagnarfrest. Samkvæmt 2. mgr. 22. gr. sé skipverja ekki skylt að halda áfram starfi á skipi eftir að skipið er selt, og geri greinin ráð fyrir að skipverjinn tilkynni hinum nýja eiganda afstöðu sína hvort hann vill halda áfram eða ekki. Frumkvæðið sé því í höndum skipverjans þegar skip er selt, en hvorki hjá seljanda né kaupanda skips. Vilji skipverjinn ekki halda áfram á hann rétt á hálfum uppsagnarfresti, þ.e. launum í einn og hálfan mánuð. Vegna ókunnugleika hafi stefndi tilgreint uppsagnarfrest 3 mánuði og greitt stefnanda laun í tvo mánuði, tveimur vikum of mikið, og krefjist því sýknu.

Vardandi þá málsástæðu stefnanda að 22. gr. sjómannalaganna eigi ekki við um skipstjórnann, heldur eingöngu aðra skipverja, bendir stefndi á 43. gr. laganna, og að samkvæmt 46. gr. skuli skipstjóri eiga sama rétt og skyldur og aðrir skipverjar, enda hafi verið stefnt að því að hreinsa burtu mun á skipstjórum og öðrum í lögunum. Sama segi stefndi um þá málsástæðu stefnanda að ákvæði 22. gr. eigi aðeins við ef skipverji segir sjálfur upp vegna þess að skip er selt, en ekki ef útgerðin segir skipverja upp, þ.e. tilkynnir honum um sölu skipsins. Kjarabætur til handa sjómönnum séu víða, en ekki í öllum ákvæðum laganna, og þarna hafi verið gengið til móts við útgerðarmenn og þarna sé um einhliða rétt útgerðar að ræða, eins og að ofan greini.

III.

Ágreiningur aðila er um túlkun á 2. og 3. mgr. 22. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sem báðar eru nýmæli og voru settar inn í 40. gr. fyrri sjómannalaga, sem að öðru leyti stendur efnislega óbreytt.

Þegar nýmæli þessi eru lesin saman og borin saman við önnur ákvæði laganna má ljóst vera, að í 2. mgr. 22. gr. er sett það nýmæli að skipverja sé heimilt að krefjast lausnar úr skiprúmi ef skipið er selt öðrum innlendum útgerðarmanni. Eldri regla var að slíkt var talið jafngilda fyrirvaralausri brottvikningu með fullum kauprétti. Nýmælinu er því ætlað að breyta þessari reglu þannig að um fyrirvaralaus brottvikningu sé ekki að ræða.

Í 3. mgr. er framhald 2. mgr. Þar er kveðið á um að skipverji eigi þá rétt til kaups í sex vikur nema uppsagnarfrestur sé skemmri tími. Með samanburði við 2. mgr. 9. gr. laganna er ljóst, að 3. mgr. 22. gr. á við yfirmenn skipsins. Ef ætlun löggjafans hefði verið að undanskilja skipstjóra frá öðrum yfirmönnum, hefði þurft að taka slíkt fram berum orðum.

Með hliðsjón af athugasemdum með frumvarpi laganna um 3. mgr. 22. gr. verður því að skýra nýmælin þannig, að í þeim sé sett sérregla er varðar heimildir þegar skip er selt öðrum útgerðarmanni. Þessi sérregla verður að teljast ganga frammar 44. gr. laganna, og 45. gr. verður þá ekki talin eiga við.

Því ber að fallast á með stefnda, að hálfur uppsagnarfrestur yfirmanna gildi þegar skip er selt, og verður sýknukrafa hans tekin til greina.

Eftir öllum atvikum er rétt að hvor aðila beri sinn málskostnað.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi Rækjuver hf. skal vera sýkn af kröfum stefnanda Jörundar Bjarnasonar í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 16. júní 1988.

Nr. 148/1988. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Gunnlaugi Gunnlaugssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 2. maí 1988 og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu og staðfestingar ökuleyfissviptingar.

Samkvæmt gögnum málsins, sem lýst er í héraðsdómi, þykir sannað að ákærði hafi ekið bifreið sinni ölvaður, svo sem greinir í ákæru. Miðað við alkóhól, er mældist í blóði ákærða, braut hann